

Fundargerð

5. fundur stjórnar Frjálsíþróttasambands Íslands, á starfstímabilinu 2006-2008, var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 11. júlí 2006, kl. 17:00.

Fundinn sátu: Arnþór Sigurðsson, formaður, Áslaug Ívarsdóttir, Gestur Guðjónsson, Gunnar Sigurðsson, Hörður Sverrisson, Fríða Rún Þórðardóttir, formaður Íþróttamannanefndar og Egill Eiðsson, framkvæmdastjóri.

Jónas Egilsson sat fundinn fram yfir lið 3. og Birgir Guðjónsson sat fund fram yfir lið 2.

1. Fundargerð 4. fundar stjórnar lögð fram. Samþykkt.

2. Kynning á verkefnum unglíngalandsliðsþjálfara.

Fríða Rún Þórðardóttir hélt kynningu fyrir stjórn á þeim verkefnum sem hún hefur haft umsjón með fyrir FRÍ sl. tvö ár og styrkt hafa verið af þróunarnefnd EAA og Ólympíusamhjálpinni. Þessi verkefni tengjast öll Úrvalshópi unglínga, Afrekshópi ungmenna, auk verkefnis fyrir fjölþrautarfólk.

Formaður þakkaði Fríðu fyrir góða vinnu tengdum þessum verkefnum og aðrir stjórnarmenn tóku undir það. Jónas Egilsson taldi að gott væri að stjórnin ritaði bréf til EAA, þar sem fram komi hverju styrkur EAA hafi skilað árangurslega og mikivægi styrkjana við uppbyggingu afreksstarfsins í unglíngaflokkum.

3. Frjálsíþróttablaðið.

Jónas Egilsson, ritstjóri 4. tfl. Frjálsíþróttablaðsins, fór yfir stöðu og efnistöð í blaðinu, sem kemur út sem sérblað með Morgunblaðinu 27. júlí nk.

Blaðið verður að miklu leiti helgað 80. Meistaramóti Íslands, sem fram fer helgina 29.-30. júlí, eða tveimur dögum eftir að blaðið kemur út.

Öflun efh. sér um auglýsingaöflun í þetta blað eins og áður.

4. Fjármál.

a) Styrktarsamningar.

Gestur fór yfir stöðu varðandi styrktarsamninga, en gengið hefur verið frá styrktarsamningi við fjögur fyrirtæki, þarf af eitt til þriggja ára.

Fyrirtækin eru: Actavis (3ja ára samningur), Norðurmjók, VÍSA Ísland og Sölufélag Garðyrkjumanna.

b) Staða og horfur í fjármálum.

Tekist hefur að greiða niður töluverðan hluta af útistandandi skuldum sambandsins á sl. vikum með innkomu styrktarsamninga, en þó eru fjármál ekki komin í jafnvægi ennþá.

c) Merkisberaverkefnið.

Rætt um möguleika í sambandi við Merkisberaverkefnið, en búið búið er að fjárfesta mikið í þessu verkefni og mikilvægt er að sú fjárfesting fari að skila sambandinu tekjum á næstunni.

5. Mótamál.

Mót innanlands á næstu vikum.

- a) MÍ 15-22 ára. Lagt fram boðsbréf frá mótshaldara, en mótið fram fer á Kópavogsvelli í umsjón Breiðabliks 22.-23. júlí nk.
- b) 80. Meistaramót Íslands.
Lagt fram boðsbréf frá mótshaldara, en mótið fer fram á Laugardalsvelli í umsjón Ármanns, 29.-30. júlí nk.
Þá voru lögð fram drög að samstarfsamningi við mótshaldara. Rætt um möguleika á að FRÍ mundi efna til sérstakra uppákomna s.s. heiðrunum í sambandi við 80. Meistaramót Íslands.
Samþykkt að framkvæmdastjóri og Áslaug fundi með mótshöldurum um málið. Hörður Sverrisson verður yfirdómari frá FRÍ á mótinu.
- c) Bikarkeppni FRÍ, 1. deild.
Lagður fram samstarfssamningur milli FRÍ og mótshaldara, UMSS vegna Bikarkeppni FRÍ, 1. deild, sem fram fer á Sauðárkróksvelli 25.-26. ágúst nk.
Dregið var um töfluröð liða á fundinum og var niðurstaða eftirfarandi:
A = UMSS, B = Breiðablik, C = ÍR, D = Ármann/Fjölnir, E = HSP, F = FH

Rætt um tímsetningu mótins á keppnisdögum, rætt um að keppnin þurfi að hefjast kl. 17:30 á föstudegi til að lenda ekki í rökkri í lok mótsins og að unnt sé að hefja keppni fyrr á seinni degi í ár, þar sem ekki verður sýnt beint frá keppninni í ár. Yfirdómari verður Birgir Guðjónsson.

- d) Bikarkeppni FRÍ, 2.deild.
Lögð fram umsókn frá USAH/USVH um þátttöku í Bikarkeppninni í 2. deild. Samþykkt að heimila sameiginlegu lið USAH/USVH að taka þátt í keppninni, þrátt fyrir að áður auglýstur tími til skráningar sé liðinn.
Samtals eru því sjö lið skráð til þátttöku í 2. deild, en keppnin fer fram á Vík, laugardaginn 26. ágúst.
Dregið var um töfluröð í 2. deild og var niðurstaða eftirfarandi:
A = USÚ, B = UMFA, C = USVS, D = HSK, E = Lið Vesturlands, F = UFA/UMSE, G = USAH/USVH.
- e) MÍ í 5000m kvenna og 10.000m karla.
Frjálsfróttadeild ÍR hefur sótt um að halda keppnina að þessu sinni. Mótshaldari skal gera tillögu að hentugri dagsetningu fyrir keppnina í september og senda til FRÍ til samþykkis.
Mótshaldari óskar eftir að keppt verði í öldungaflokkum 40 ára og eldri samhliða mótinu. Samþykkt að keppt verði einnig um Íslandsmeistaratitil í flokkum 40-49 ára, 50-59 ára o.s.frv. í 5000m kvenna og 10.000m karla að höfðu samráði við Öldunaráð FRÍ.

Mótaþátttaka erlendis á næstu vikum.

- f) Evrópumeistaramótið í Gautaborg 7.-13. ágúst.
Samþykkt að Egill Eiðsson verði fararstjóri FRÍ á mótinu.
Einnig samþykkt að senda ekki þjálfara á vegum FRÍ, en bjóða þess í stað öllum keppendum að taka einkaþjálfara með á mótið og FRÍ greiði hluta af ferða og upphaldskostnaði vegna einkaþjálfara. Ákveða þarf hvert hlutfall FRÍ verði móti hlutfalli íþróttamanna vegna einkaþjálfara þeirra.
Framkvæmdastjóri geri tillögu um kostnaðarskiptingu og sendi til stjórnar til samþykkis.
Lokafrestur við val á keppendum er 28. júlí nk., en þá rennur frestur til skráningar keppenda út. Fjórir íþróttamenn hafa náð útgefnum lágmarkum

fyrir mótið, Ásdís Hjálmsdóttir í spjótkesti, Silja Úlfarsdóttir í 400m grindahlaupi, Óðinn Björn Þorsteinsson í kúluvarpi og Þórey Edda Elísdóttir í stangarstökki. Ljóst er að Þórey Edda getur ekki tekið þátt í mótinu, þar sem hún er ennþá að ná sér eftir aðgerð á öxl sem hún gekkst undir í vetur.

- g) HM U20 í Peking, 15.-20. ágúst.
Einn íþróttamaður hefur náð lágmarki fyrir mótið, Ragnheiður Anna Þórsdóttir í kringlukasti. Samþykkt að óska eftir því að einkaþjálfari hennar fari í þessa ferð með Ragnheiði, nái ekki fleiri lágörkum.
- h) NM U23 í Árósum, 19.-20. ágúst.
Samþykkt að Fríða Rún Þórðardóttir verði fararstjóri og þjálfari í ferðinni.
- i) NM U20 í Eskilstuna. 1.-2. september.
Samþykkt að Fríða Rún Þórðardóttir verði fararstjóri og þjálfari og Einar Þór Einarsson þjálfari í þessari ferð.

6. Lagt fram.

- a) Lögð fram skýrsla fararstjóra vegna Evrópubikarkeppni.
- b) Lögð fram skýrsla fararstjóra/þjálfara vegna NM ungl. í fjölþrautum.
- c) Lögð fram skýrsla fararstjóra/þjálfara vegna Evrópubikarkeppni fjölþrautum
- d) Lagar fram hugmyndir frá Jónasi Egilssyni um uppbyggingu þjálfunarseturs í Laugardal

7. Innsend erindi/bréf.

- a) Lagðar fram niðurstöður úr lyfjaprófi vegna Íslandsmets Kristínar Birnu Ólafsdóttur í fimmtarþraut innanhúss í febrúar sl. í Bandaríkjunum. Lyfjaprófið var neikvætt, engin lyf af bannlista fundust í sýnunum.
- b) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 1. júní sl., afrit af samningi Ásdísar Hjálmsdóttur við Ólympíusamhjálpinu.
- c) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 14. júní sl., um þátttöku sérsambanda í alþjóðasamstarfi.
- d) Lagt fram bréf frá ÍSÍ, dagsett 28. júní sl., um Norræna Menningarmálasjóðinn.
- e) Lagt fram tölvupóstbréf frá vallastjóra Laugardalsvallar, dagsett 11. júlí um að MÍ öldunga geti ekki farið fram á vellinum 11.-12. ágúst nk. vegna framkvæmda við stúkuna á vellinum þá helgi. Mótshaldarar ÍR og formaður Öldungaráðs FRÍ hafa fengið upplýsingar um málið. Skoða þarf möguleika á flutningi mótsins á annan völl í samráði við mótshaldara og Öldungaráð FRÍ eða færa mótið til í tíma.

8. Önnur mál.

Gunnar ræddi um að halda Bikarhóf á Sauðárkróki að lokinni Bikarkeppni FRÍ 26. ágúst nk. Rætt og samþykkt að kanna áhuga keppnisliða á slíku. Einnig rætt um aðkomu FRÍ að málinu s.s. með viðurkenningum til íþróttafólks ef af verður.

Fundi slitið kl. 20:15

Fundargerð ritaði Egill Eiddsson